

S A M Þ Y K K T

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað,
nr. 74 20. marz 1945.**

1. gr.

Í stað „18 km“ í 49. gr. samþykktarinnar komi: 30 km.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1964.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

R E G L U G E R Ð

um fasteignaskatt í Skefilsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Fasteignaskatt í Skefilsstaðahreppi, skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. ágúst 1964.

Gunnar Thoroddsen.

Hallgrímur Dalberg.